

Ágæti félagsmaður

Kynning á seiðapéttleikaniðurstöðum Hafrannsóknarstofnunar, endurskoðun nýtingaráætlunar ofl.

Á aðalfundi Veidifélags Árnesinga 2021 var samþykkt nýtingaráætlun fyrir árin 2022 – 2026. Þar kemur m.a. fram:

Péttleikavísitala ræður því hvort auka skuli eða draga úr veiðifriðun og byggir á eftirfarandi viðmiðum:

- *Péttleikavísitala 1⁺ laxaseiða 10,4 seiði/100 m² eða meiri í tvö ár eða fleiri í röð, ekki þörf á frekari veiðitakmörkunum (grænt).*
- *Péttleikavísitala 1⁺ laxaseiða undir aðgerðarmörkunum, 10,4 – 5,8 seiði/100 m² í þrjú ár eða fleiri í röð, aðgerða er þörf með frekari veiðitakmörkunum. (gult).*
- *Péttleikavísitala 1⁺ laxaseiða undir varúðarmörkunum, 5,8 seiði/100 m² þrjú ár í röð. Ástand stofns metið alvarlegt og enn frekari aðgerða er þörf. Útfærsla í samvinnu við veiðiráðgjöf Hafrannsóknarstofnunar og Fiskistofu (rauð).*

Verði tilefni til aðgerða byggt á framangreindum viðmiðum hefur stjórn Veidifélags Árnesinga heimild til að bregðast við og ákveða að stytta eða lengja veiðitíma stanga og neta um eina viku frá því sem kveðið er á um í þessari nýtingaráætlun og einnig ákveða að að skylt sé að sleppa öllum laxi eftir stangveiði tveimur vikum lengur en kveðið er á um. Ákvörðun um lengri tímabil krefst hins vegar samþykkis aðalfundar.

Fyrir liggja meðfylgjandi niðurstöður Hafrannsóknarstofnunar á péttleikamati laxaseiða haustið 2025. Framangreind viðmið sem Veidifélag Árnesinga setti sér í gildandi nýtingaráætlun leiða miðað við þessar niðurstöður ekki sjálfkrafa til aðgerða. Það er mat Hafrannsóknarstofnunar og stjórnar Veidifélags Árnesinga að skynsamlegt sé að fylgja áfram þeim takmörkunum á sókn í laxveiði sem verið hafa. Seiðapéttleikaniðurstöðurnar þetta haustið veita stjórninni ekki heimild til að nýta þá sérstöku heimild sem hún hefur til frekari friðunar eða til að lengja veiðitímann. Veiðitími 2026 fer því eftir nýtingaráætlun félagsins og er eftirfarandi:

Á gildistíma þessarar nýtingaráætlunar er félagsmönnum Veidifélags Árnesinga á vatnasvæði Ölfusár-Hvítár frjálst hverjum fyrir landi sinnar jarðar að veiða:

- a) Silung frá og með 1. apríl til og með 24. september.
- b) Lax í net frá og með 1. júlí til og með 24. september.
- c) Lax á stöng frá og með 21. júní til og með 24. september en skylt er að sleppa öllum laxi eftir veiði frá 21. júní til og með 30. júní. Deildir geta ákveðið að veiðitími hefjist og honum ljúki síðar en þó ekki lengur en til og með 30. september. Sami veiðidagafjöldinn á við um deildir og aðra félagsmenn sem veiða lax á stöng. Stjórn deildar skal tilkynna til formanns Veidifélags Árnesinga hvenær veiði hefist og hvenær henni lýkur.

Deildir ráðstafa veiði og arði til sinna félagsmanna á félagssvæði sínu.

Veiða má í lagnet, króknnet eða á stöng í samræmi við fyrirmæli laga nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði.

Daglegur veiðitími á laxi og göngusilungi á stöng fer saman frá kl. 7-13 og 16-22. Eftir 20. ágúst frá kl. 7-13 og 15-21. Vikulegur veiðitími neta er frá kl. 10 að þriðjudagsmorgni til kl. 22 að föstudagskvöldi.

Daglegur veiðitími staðbundins silungs er frá kl. 8-21.

Mælt er til að silungsveiði, net og stöng, verði ekki stunduð á laxveiðisvæðum 15 daga fyrir laxveiðitímann og að stórlaxi (70 cm eða stærri) verði sleppt eftir veiði þar sem því verður við komið. Ítrekað er að öllum laxi skal sleppt eftir stangveiði frá og með 21. júní til og með 30. júní og þá daga sem deildir ákveða að lengja veiðitímann eftir 24. september. Sleppa skal allri sjögenginni bleikju í vorveiði og mælt er til þess að það sé gert eftir því sem því verður við komið yfir veiðitímann.

ÁRBORG	
Bnr: 15.51	Mótt: 02.12.25
Ábm: B.B	Mnr: 2512026

Komið er að endurskoðun nýtingaráætlunar félagsins en síðasta árið sem hún gildir fyrir er 2026. Í nýtingaráætluninni kemur eftirfarandi fram:


Endurskoðun nýtingaráætlunar við lok gildistíma hennar skal haga þannig að komi ekki fram breytingatillaga fyrir árslok 2025 skal stjórn félagsins senda óbreytta áætlun til 5 ára til umsagnar Hafrannsóknastofnunar og hún síðan borin upp á aðalfundi félagsins til samþykktar eða synjunar. Verði hún samþykkt fer hún til staðfestingar Fiskistofu að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunar eins og lög gera ráð fyrir.

Vekur stjórnin sérstaka athygli á því að samkvæmt nýtingaráætlun félagsins skulu breytingartillögur hafa borist til stjórnar fyrir 1. janúar 2026.

Nýja innheimtukerfið gengur ekki vel og munar þar mestu um að Stóra-Laxárdeildin hefur ekki staðið skil á sínum greiðslum til félagsins undanfarin tvö ár. Skorar stjórnin á þá sem hafa ekki greitt en hafa tekjur af veiði að greiða, þ. á m. þá sem hafa gert samninga um að veiða ekki gegn endurgjaldi. Minnir stjórnin félagsmenn á að senda Ólafi Þór Þórarinssyni stjórnarmanni og gjaldkera félagsins upplýsingar um hvert eigi að senda reikninginn (nafn, netfang og heimilisfang).¹ Ólafur Þór er með netfangið oli@bssl.is og síma 8951558

Kaldaðarnesi, 27. nóvember 2025,

f.h. stjórnar Veiðifélags Árnesinga,



Jörundur Gauksson, formaður jorundur@logbyli.is/

S. 892-0372

¹ Félagsmenn í Stóru-Laxárdeild og Tungufljótsdeild þurfa ekki að senda framangreindar reikningsupplýsingar þar sem deildirnar eiga að sjá um greiðslur til félagsins.



HAFRANNSÓKNASTOFNUN

Rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna

Veiðifélag Árnesinga

B.t. Jörundur Gauksson


Selfossi 29.10.2025

Mál: 2025-10-0526

Minnisblað

Niðurstöður á þéttleikamati laxaseiða á vatnasvæði Ölfusár-Hvítár árið 2025

Árið 2021 var unnin samantektarskýrsla um stöðu laxastofna á vatnasvæði Ölfusár-Hvítár. Í skýrslunni var m.a. greining á sambandi stærðarhrygningarstofns og nýliðunar fyrir lax á vatnasvæðinu í heild sinni (Magnús Jóhannsson og Hlynur Bárðarson 2021). Greining á viðmiðunarmörkum fyrir stærð hrygningarstofnsins sýndi gott samhengi milli útreikninga samkvæmt hrogni-í-hrogn þ.e. fjölda hroga í hrygningarstofni og þann fjölda hroga sem hann gaf af sér í næstu kynslóð og einnig fjölda hroga í hrygningarstofni og þann seiðapétteleika sem hann gaf af sér. Viðmiðunarmörk miðast við þann fjölda hroga sem gefa af sér hámarks nýliðun og að ekki sé veitt úr hrygningarstofninum umfram þann fjölda.



Mynd 1. Þéttleikavísitala laxaseiða eftir aldurshópum á vatnasvæði Ölfusár-Hvítá. Brotin appelsínugul lína sýnir aðgerðarmörk í þéttleikaviðmiði í greiningu á sambandi hrygningar og nýliðunar fyrir 1+ laxaseiði á vatnasvæðinu, sem er 10,4 seiði á 100 m². Rauð punktalína sýnir varúðarmörk í fyrrgreindu sambandi fyrir 1+ laxaseiði á vatnasvæðinu og er 5,8 seiði á 100 m².

Ekki liggur fyrir mat á heildarfjölda laxa sem gengur á vatnasvæðið ár hvert. Því var lagt til að við veiðistjórnnum verði notað viðmið út frá seiðapétteleika enda gott samhengi milli þéttleika seiða og hrognafjölda sem hrygnt er í ána hverju sinni. Niðurstöður greininga á hrygningu og nýliðun voru að aðgerðarmörk mæld með þéttleikavísitölu 1+ laxaseiða á vatnasvæðinu í heild væru við 10,4 seiði/100 m².

Mikilvægt er að áréttast að þessi þéttleikaviðmið gera ráð fyrir að seiðamælingar haldist óbreyttar í þeirri mynd sem var lýst í aðferðafræðikafla skýrslunnar og að um meðaltal er að ræða og að ástand getur verið breytilegt milli svæða innan vatnasvæðisins. Eðlilegt er að fiskstofnar sveiflist upp og niður í kringum aðgerðarmörk, vegna breytilegra umhverfisskilyrða. Ljóst er að ekki er hægt að hafa áhrif á umhverfisskilyrði umfram það að passa upp á að vernda búsvæði og vatnsgæði. Það hversu mikið er veitt úr stofnum er því sú breyta sem hægt er að hafa áhrif á með veiðistjórnun. Lagt var til að viðbrögð til veiðistjórnunar miðuðust við það ástand og gripið verði til frekari aðgerða þegar seiðastofninn væri undir aðgerðarmörkum í þrjú eða fleiri ár samfelld (á gulu svæði í þrjú ár). Veiðifélag Árnesinga setti þessi viðmið í nýtingaráætlun fyrir vatnasvæðið. Ætlaðar aðgerðir miða að því að stækka hrygningarstofninn, auka þéttleika laxaseiða og framleiðslu á nýjan leik og þar með að nýta framleiðslugetu vatnasvæðisins á gönguseiðum. Með þeirri uppbyggingu aukist stofnstærð laxa, veiðipól og veiðinýting. Ef ekki er aukin hættu á að stofninn haldi áfram að minnka og að veiðinýtingin teljist ofveiði.

Haustin 2021, 2022, 2023 og 2024 gerði Hafrannsóknastofnun grein fyrir niðurstöðum þéttleikamats fyrir laxaseiði á viðmiðastöðvum á vatnasvæðinu og gaf ráðleggingar um veiðistjórnun (Hafrannsóknastofnun 2021, 2022, 2023 og 2024).

Nú haustið 2025 gerði Hafrannsóknastofnum mælingar á seiðapétteleika í ánum víðsvegar á vatnasvæðinu á sömu stöðum og með sama hætti og gert hefur verið hefur undanfarin ár. Veitt var á 24 stöðvum á samtals 1.712 m². Samkvæmt bráðabirgðaniðurstöðum (óbirtar) var þéttleikavísitala 0⁺ laxaseiða 15,5 seiði/100 m² og hafði hækkað nokkuð frá fyrra ári, var þá 10,9 seiði/100 m². Þéttleikavísitala 1⁺ laxaseiða mældist 9,6 seiði/100 m² og hafði lækkað úr 9,7 seiði/100 m² frá 2024 (mynd 1). Vísitala 2⁺ laxaseiða hækkaði úr 2,5 í 3,4. Ekki veiddust eldri laxaseiði á viðmiðunarstöðvum, sem bendir til þess að þar hafi þriggja ára og eldri seiði gengið til sjávar á hagstæðu vori 2025.

Nú sýna mælingar að þéttleikavísitala 1⁺ laxaseiða er rétt undir aðgerðarmörkum annað árið í röð. Jákvæð merki er þó að finna í tölunum, þar sem vísitölur tveggja árganga hækka á milli ára. Hafrannsóknastofnun telur að skynsamlegt sé að fylgja áfram þeim takmörkunum á sókn sem verið hafa. Benda verður á að veiðifélög geta einnig sett frekari takmarkanir á veiði og flýta með því fyrir uppbyggingu stofna en samkvæmt lögum eiga veiðar á laxfiskum að vera sjálfbærar og liggur ábyrgð veiðistjórnunar hjá viðkomandi veiðifélagi. Eins og áður hefur verið bent á er áhrifaríkast að beita aðgerðum sem hlífa stórlaxi því hann gefur mun fleiri hrogn en smálax auk þess sem hlutfall hrygna er hærra hjá stórlaxi. Mikilvægt er að halda áfram að efla grunn veiðistjórnunar og miða að því að hún taki ekki bara til vatnasvæðisins í heild heldur nái einnig til einstakra svæða. Að öðru leyti vísast til greiningar og ráðlegginga í ofangreindri skýrslu.

Heimildir

Magnús Jóhannsson og Hlynur Bárðarson 2021. Fiskstofnar á vatnasvæði Ölfusár-Hvítár. Ástand stofna og veiðinýting. Haf- og vatnarannsóknir, HV 2021-17: 79 bls.

Hafrannsóknastofnun 2021. Niðurstöður á þéttleikamati laxaseiða á vatnasvæði Ölfusár-Hvítár árið 2021.

Hafrannsóknastofnun 2022. Niðurstöður á þéttleikamati laxaseiða á vatnasvæði Ölfusár-Hvítár árið 2022.

Hafrannsóknastofnun 2023. Niðurstöður á þéttleikamati laxaseiða á vatnasvæði Ölfusár-Hvítár árið 2023.

Hafrannsóknastofnun 2024. Niðurstöður á þéttleikamati laxaseiða á vatnasvæði Ölfusár-Hvítár árið 2024.

Gert í október 2025

Benóný Jónsson